Ágrip af brjefi landshöfðingja *til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu* **um hlunnindi handa sparisjóði.** — Með brjefi þessu voru hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, með venjulegum skilyrðum veitt »Sparisjóði Kinnunga« í Ljósavatnshreppi í Þingeyjarsýslu, stofnuðum 1889, um 5 ára tímabil frá 1. okt. 1892 að telja. **119** 30. ág.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um virðingargjörðir á þjóðjörðum, er selja skal.** — Í þóknanlegu brjefi dags. 17. maím. síðastliðins, hafið þjer, herra amtmaður, skýrt frá því, að ábúendurnir á þjóðjörðunum Brattlandi, Heiðarseli, Mörk, Seglbúðum og Heiði, öllum í Skaptafellssýslu, hafi lýst því yfir, að þeir óski að kaupa ábýli sín fyrir það verð, sem heimild er veitt til að selja þau fyrir í lögum 11. desbr. 1891 og hafi sýslum. í Skaptafellssýslu jafnframt því að tilkynna yður þetta, spurst fyrir um, hvort honum sje eigi heimilt án frekari fyrirskipunar í hvert sinn, að útnefna matsmenn og láta fara fram mat á jörðum, þar sem þannig er ástatt, eins og með hinar ofangreindu jarðir, að heimild er til að selja og ábúendur óska að kaupa, og beiðist þjer úrlausnar minnar um, hve svara beri greindri fyrirspurn sýslumannsins. **120** 10. sept.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það er hjer segir. Eins og yður er kunnugt, er í 2. gr. í lögum um sölu þjóðjarða 8. nóv. 1883 ákveðið, að landshöfðingi gjöri þær ráðstafanir, sem með þarf um sölu jarðanna, ákveði kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en láti áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig, og er ákveðið, að kostnaðurinn við þetta greiðist úr landssjóði. Til þessarar ákörðunar er skírskotað í þjóðjarðasölulögunum 8. jan. 1886, 4. nóv. 1887 og 9. desbr. 1889, en í hinum síðustu lögum um heimild til að selja þjóðjarðir 11. desbr. f. á. er þessari skírskotun sleppt, og engin heimild veitt til að greiða af landssjóði kostnað við virðingargjörðir á undan sölunni. Með því að jarðirnar hafa verið virtar og skoðaðar áður en uppástungur um sölu þeirra komu fyrir þingið, virðist því ekki ástæða til, að láta nýja skoðun fara fram aptur á ný, þegar það er ekki fyrirskipað, og ber því að svara fyrirspurn sýslumannsins á þá leið, að þegar ræða sje um jarðir, sem heimild er veitt til að selja í lögum nr. 31, 11. desbr. 1891, þá þurfi alls engin ný virðingargjörð að fara fram, og verði ekki borguð úr landssjóði, þótt framkvæmd hafi verið, en þegar kaups hafi verið beiðst á jörðum, sem eldri lög heimila að selja, þá megi hann kveðja menn til virðingar og láta virðingargjörð framfara, þegar ábúendur hafa skuldbundið sig til að kaupa að minnsta kosti fyrir það verð, sem lögin greina, án þess að leita sjerstakra fyrirskipana þar að lútandi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um sjerstaka manntalsþinghá í Álptaverhreppi.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. mán., vil jeg hjer með samþykkja **118** 22. sept.

21. dag desembermán. 1892.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1892.